

35
11. júní

2. gr.
Í stað orðanna „15. júní 1942“ í 6. gr. laganna komi: 15. júní 1943.

3. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Jakob Möller.

36
11. júní

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast hitaveitulán
fyrir Ólafsfjarðarhrepp.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að tvö hundruð þúsund króna innlent lán fyrir Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarsýslu, til að koma í framkvæmd hitaveitu fyrir Ólafsfjarðarkauptún, þó aldrei yfir 80% af stofnkostnaði hitaveitunnar.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Jakob Möller.

37
30. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
6. gr. laganna orðist þannig:
Til hins meira fiskimannaprófs útheimtist: Hið sama og til hins minna fiskimannaprófs og enn fremur: